

er að halda stórgripum til beitar þar. Skal friðlandið girt fjárheldri girðingu. Áburðargjöf og uppgræðsla lands skal fara fram í samráði við náttúruverndarnefnd Vestur-Skaftafellssýslu.

3. Óheimilt er að skaða eða trufla dýralíf á hinu friðlýsta svæði. Hefðbundnar nýttjar bænda í Dyrhólahreppi á æðavarpí, fýl og lunda fá þó að haldast svo sem verið hefur. Notkun skotvopna er bönnuð í Dyrhólaey og næsta nágrenni.
4. Almennungi er heimil för um eyjuna í lögmætum tilgangi en leyfi þarf til að tjalda. Náttúruverndarráð getur þó takmarkað ferðir þangað á tímabilinu 1. maí til 25. júní. Akstur utan vega er bannaður. Umferð með hesta er heimil um eyjuna og stutt áning þar en lausaganga hesta er bönnuð. Náttúruverndarráð getur falið sérstakri umsjónarnefnd umboð sitt.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsngar í Stjórnartíðindum.

*Menntamálaráðuneytið, 2. febrúar 1978.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gerð skipulagsáætlana nr. 217 25. október 1966.**

### 1. gr.

Aftan við 1. mgr. 19. gr. komi fjórar nýjar mgr., sem verði 2., 3., 4. og 5. mgr. svohljóðandi:

Skipulagsstjórn getur heimilað að í deiliskipulagi einstaks svæðis eða einstaks hverfis sé vikið frá ákvæðum 1. mgr. um lóðarstærð, enda brjóti slíkt ekki í bága við nýlingarhlutfall svæðis eða hverfis, sem í hlut á. Heimild er bundin því, að sýnt sé fram á að fullnægjandi birtu njóti í hverju húsi, greiður aðgangur sé að leikvelli eða leiksvæði fyrir lítil börn og fullnægjandi útivistarsvæði sé í nágrenninu.

Ef um er að ræða endurskipulagningu í eldra hverfi, þar sem sérstakir erfiðleikar eru á sameiningu lóða, til að fullnægjandi lóðarstærð fái, getur skipulagsstjórn og veitt heimild með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr.

Skipulagsstjórn getur áskilið, að sá sem æskir heimildar til frávika, skv. 2. og 3. mgr., láti fylgja auk uppdráttu skriflega greinargerð um nauðsyn þeirra.

Birta skal í B-deild Stjórnartíðinda auglýsingu um frávik, sem heimiluð verða samkvæmt þessari grein.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1978.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*